

## Stjórnarfundur nr. 1

10. júní 2013 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Fundarboð sent með tölvupósti 5. júní 2013.

**Mættir:** Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Arinbjörn Friðriksson, Delia Howser og Herdís Hallmarsdóttir. Ólafur E. Jóhannson mætti kl.17.20

### 1. Stjórn HRFÍ.

Á aðalfundi HRFÍ þann 29. maí sl., sem haldinn var á Grand Hóteli var Jóna Th. Viðarsdóttir í endurkjöri til formanns HRFÍ. Úr stjórn gengu Björn Ólafsson (2007) og Anna M. Flygenring (2011) og Auður Sif Sigurgeirsdóttir (2009) úr varastjórn. Í framboði til stjórnar voru Arinbjörn Friðriksson og Herdís Hallmarsdóttir og Brynja Tomer í varastjórn. Var því sjálfkjörið í formanns- og stjórnarkjöri.

#### **Stjórn er því þannig skipuð:**

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Arinbjörn Friðriksson, Delia Howser, Herdís Hallmarsdóttir og Ólafur E. Jóhannson. Brynja Tomer og Guðmundur A. Guðmundsson í varastjórn.

#### **Stjórn skiptir þannig með sér verkum:**

- Varaformaður Herdís Hallmarsdóttir
- Gjaldkeri Delia Howser

Framkvæmdastjóri HRFÍ er Fríður Esther Pétursdóttir. Meðal starfssviða hennar eru að rita fundargerðir stjórnar og annast daglegan rekstur HRFÍ þar með talið rekstur skrifstofu og starfsmannahald. Bókhaldið er fært á bókhaldsskrifstofu frá og með 1. maí 2013. Framkvæmdastjóri sér um greiðslu reikninga og heldur utan um öll fylgiskjöl og kemur þeim til bókhaldsskrifstofu. Hlutverk gjaldkera er m.a. að kalla fram upplýsingar í bókhaldinu og er tengiliður stjórnar við framkvæmdastjóra varðandi fjármál félagsins. Gjaldkeri svarar framkomnum fyrirspurnum stjórnarmanna varðandi fjárreiður félagsins.

### 2. Aðalfundur HRFÍ 29. maí sl.

Fundarstjóri var Ágúst K. Karlsson hdl. Fundarritari var Guðrún Margrét Baldursdóttir. Mættir voru 75 félagsmenn á fundinn í Reykjavík en fundur á Akureyri féll niður.

Fundargerð hefur ekki borist frá Guðrúnu Margréti Baldursdóttur.

#### **Kosning siðanefndar:**

Fulltrúar í siðanefnd gáfu allir kost á sér í endurkjöri nema Herdís Hallmarsdóttir, sem var varamaður. Anna M. Flygenring gaf kost á sér sem varamaður.

Siðanefnd HRFÍ er því þannig skipuð:

Aðalmenn:

Hilmar Sigurgíslason, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Anna M. Flygenring og Guðrún Sigríður Sigurðardóttir.

#### **Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara :**

Þorsteinn Þorbergsson gaf kost í endurkjöri og Pétur Alan Guðmundsson sem aðalmenn. Gunnar B. Gunnarsson gaf kost á sér í endurkjöri og Margrét Dögg Halldórsdóttir sem varamenn.

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Pétur Alan Guðmundsson

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir.

### 3. Skipun í fastanefndir starfsárið 2013-2014

Stjórn HRFÍ skal skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur.

#### Skólanefnd

Samkvæmt 24. gr. VIII kafla laga HRFÍ skal starfrækja hundaskóla innan HRFÍ.

Hundaskólinn skal sjá um fræðslu er varðar meðferð, uppeldi og þjálfun hunda undir stjórn viðurkenndra leiðbeinenda.

Samkvæmt 25 gr. VIII kafla laganna skal skólanefnd skipuð þremur fulltrúum, tveimur tilnefndum af stjórn HRFÍ og einum af starfsmönnum skólans.

Fríður Esther Pétursdóttir [fridur@hrfi.is](mailto:fridur@hrfi.is)

Sigríður Bílddal, [sbilddal@isl.is](mailto:sbilddal@isl.is)

Valgerður Júlíusdóttir, [vala@hundaskolinn.is](mailto:vala@hundaskolinn.is)

#### Ritnefnd

Samkvæmt 3 gr. lið d í I kafla laga HRFÍ skal félagið gefa út félagsblað.

Sámur er gefinn út 3svar á ári; mánaðamót aprí/maí, lok ágúst og byrjun desember. Ritstjóri Sáms ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritstjóri [auja83@gmail.com](mailto:auja83@gmail.com)

Anja Björg Kristinsdóttir, [anja@shitzuhundar.com](mailto:anja@shitzuhundar.com)

Berglind Magnúsdóttir, [beggarauda@hotmail.com](mailto:beggarauda@hotmail.com)

Guðrún Margrét Baldursdóttir, [gbaldursdottir@hotmail.com](mailto:gbaldursdottir@hotmail.com)

Inga Björk Gunnarsdóttir, [sperdill@emax.is](mailto:sperdill@emax.is)

#### Sýningarnefnd

Í sýningarreglum HRFÍ 1 gr. í kaflanum skipulag og stjórn er hlutverki sýninganefndar lýst.

##### Sýningarstjórn:

Fríður Esther Pétursdóttir, [fridur@hrfi.is](mailto:fridur@hrfi.is)

Ásta María Karlsdóttir [astamaria83@simnet.is](mailto:astamaria83@simnet.is)

Sóley Halla Möller, [soleymoller@simnet.is](mailto:soleymoller@simnet.is)

Lilja Dóra Halldórsdóttir, [liljahalldorsdottir@gmail.com](mailto:liljahalldorsdottir@gmail.com)

Valgerður Júlíusdóttir, [vala@hundaskolinn.is](mailto:vala@hundaskolinn.is)

##### Framkvæmdanefnd sýningastjórnar: - 9 manns

Árnmarg Guðmundsson [arnmarg@hotmail.com](mailto:arnmarg@hotmail.com)

Guðbjörg Kristinsdóttir, [solheimar17@internet.is](mailto:solheimar17@internet.is)

Ingólfur Ragnar Ingólfsson [solheimar17@internet.is](mailto:solheimar17@internet.is)

Margrét G. Andrésdóttir, [maggamas@gmail.com](mailto:maggamas@gmail.com)

Margrét Bergsveinsdóttir [margret@kynning.is](mailto:margret@kynning.is)

Vordís Sigurbórsdóttir, [vordis1@internet.is](mailto:vordis1@internet.is)

Olga Björk Friðriksdóttir, [olga@tritla.is](mailto:olga@tritla.is)

Steinunn Guðbjörnsdóttir, [casper@centrum.is](mailto:casper@centrum.is)

Þórunn Helgadóttir - [bsr45@simnet.is](mailto:bsr45@simnet.is)

#### Vísindanefnd:

- *Samkvæmt 21. gr. í VII kafla laga HRFÍ um ræktunardeildir* skal stjórn setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda í samráði við vísindaráð HRFÍ. Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. Telji stjórn og vísindaráð HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreind, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Tillögu skal fylgja greindargerð stjórnar og vísindaráðs.

- Samkvæmt 7 gr. IV kafla, Starfssvið ræktunarstjórna úr starfsreglum ræktunarstjórna er ræktunarstjórn að skylt á takast á hendur nánar tilgreind sérverkefni sem stjórn HRFÍ eða vísindanefnd felur því í þágu ræktunar.
- Stjórn hefur leitað álits vísindanefndar varðandi ýmis heilbrigðismál.
- Vísindanefnd, Helga Finnsdóttir, hefur verið félaginu innan handar við útvegum dýralækna í augnskoðanir fyrir félagið.
- Þegar Helga Finnsdóttir hefur sótt vísindaráðsfundi NKU hefur hún gert þeim skil á fulltrúaráðsfundum.

Helga Finnsdóttir, dýralæknir, formaður [helgaf@tv.is](mailto:helgaf@tv.is)

Ólöf Loftsdóttir, Dýraspítalinn í Víðidal [olalofts@gmail.com](mailto:olalofts@gmail.com)

Hanna María Arnórsdóttir, Dýraspítalanum í Garðabæ [hanna@dyralaeknastofan.is](mailto:hanna@dyralaeknastofan.is)

Snævar Sigurðsson, [snaevvar.sigurdsson@gmail.com](mailto:snaevvar.sigurdsson@gmail.com)

### **Ræktunar- og staðlanefnd (áður Ættbókarnefnd)**

Helstu verkefni:

- Þýðing á FCI ræktunarstöðlum í samvinnu við ræktunardeildir.
- Uppfæra breytingar á ræktunarstöðlum.
- Reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ
- Grundvallarreglur HRFÍ - 2. gr. Ræktun
- Ræktunardeildum HRFÍ til leiðsagnar varðandi sérreglur fyrir hundakyn við skráningu í ættbók HRFÍ.

Helga Andrésdóttir, [sindra@simnet.is](mailto:sindra@simnet.is)

Klara Á. Símonardóttir [klara@hrfi.is](mailto:klara@hrfi.is)

Helga Finnsdóttir [helgaf@tv.is](mailto:helgaf@tv.is)

### **Laganefnd:**

Guðrún Margrét Baldursdóttir, [gbaldursdottir@hotmail.com](mailto:gbaldursdottir@hotmail.com)

Einar Hreinsson, [ainar.hreinsson@mrn.is](mailto:ainar.hreinsson@mrn.is)

Árni Mathiesen, [arnimatt@live.com](mailto:arnimatt@live.com)

Ólafur E. Jóhannsson, [olafur.johannsson@simnet](mailto:olafur.johannsson@simnet)

### **Veiðiprófanefnd HRFÍ fyrir tegundahóp 7**

Ásgeir Heiðar frá Fuglahundadeild, [pointer@vortex.is](mailto:pointer@vortex.is)

Egill Bergmann frá Írsk setterdeild, [maggak@vortex.is](mailto:maggak@vortex.is)

Jón Garðar Þórarinnsson frá Vorstehdeild [gautavik3@simnet.is](mailto:gautavik3@simnet.is)

### **Sýningadómaranefnd:**

Starfar á grundvelli reglugerðar HRFÍ um menntun sýningadómarara og hefur til hliðsjónar starfsreglur DKK's Show Judge Committee, sem er HRFÍ innan handar við menntun íslenskra sýningadómarara. Í framtíðinni verður þessi nefnd skipuð reyndum íslenskum dómurum.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir [gaujav@simnet.is](mailto:gaujav@simnet.is)

Jóna Th. Viðarsdóttir [proplanet@simnet.is](mailto:proplanet@simnet.is)

Valgerður Júlíusdóttir [vala@hundaskolinn.is](mailto:vala@hundaskolinn.is)

Fríður Esther Pétursdóttir [fridur@hrfi.is](mailto:fridur@hrfi.is)

### **Veiðiprófsdómaranefnd:**

Skipað verður í þessa nefnd þegar stjórn HRFÍ hefur útbúið reglugerð fyrir veiðiprófsdómara og starfsreglur fyrir veiðiprófsdómaranefnd sbr. stjórnarsamþykkt 20. maí 2013.

### **Fulltrúi HRFÍ í DÍF sbr. 3. kafla 7 gr. úr starfsreglum ræktunardeilda:**

Stjórn tilnefndir fulltrúa sinn til 2ja ára í senn.

Þorsteinn Thorsteinsson [sunnusteinn@simnet.is](mailto:sunnusteinn@simnet.is)

#### 4. Skýrsla frá framkvæmdastjóra HRFÍ.

*Pessa dagana er heilmikið að gera á skrifstofunni, en við erum að taka við skráningum á þrjár deildasýningar ásamt því að ljúka við að ganga frá síðustu sýningu og augnskoðun, en alls voru augnskoðaðir 111 hundar, aðeins einn hundur greindist með alvarlegan augnsjúkdóm (cataract) og var settur ræktunarbann, aðrir sem greindust voru með minniháttar augnsjúkdóma.*

*Síðasti skráningafrestur á schaferdeildasýninguna var 7.júní en var framlengdur til 11.júní, síðasti skráningafrestur á Retriever sýninguna er 10.júní og á DIF sýninguna er 14.júní. Ágætis skráning er á allar sýningarnar, þó DIF skráning fari mjög seint af stað. Eins var að ákveðið var að skella upp hvolpasýningu 23.júní nk. með síðasta skráningafrest 14.júní. Hugmyndin með þeirri sýningu er fyrst og fremst að æfa upp dómaraefnin okkar og venja okkar fólk við að sýna undir íslenskum dómurum, plús auðvitað að ná inn smávegis peningum um leið og við gerum eitthvað skemmtilegt með því fólki sem er margt, nýkomið í félagið. Hugmyndin að á staðnum yrði kynning á Hundafimi en það var fallið frá því vegna þess hversu dýrt er að færa tækin og aðalþjálfari íþróttadeildar uppteknir þennan dag, en ég hef boðið öllum viðurkenndum hundaskólum að kynna sína starfsemi (gegn vægu gjaldi) og hafa tveir skólar nú þegar þegið boðið. Dyrheimar eru aðalstyrktaraðilar okkar á þessari sýningu sem er stefnt á að verði úti.*

*Samningar hafa náðst við sænska kennelklúbbinn um að þeir munu byrja í ágúst eða strax eftir þeirra sumarlokun að lesa úr mjaðma og olnbogamyndum fyrir okkur, en við höfum verið mjög óánægð með þjónustu norska klúbbsins sem hefur reynst okkur mjög dýr og seinvirkur. Þessum samningum við sænska klúbbinn get ég þakkað ferð formannsins á NKK fund í vor, þar sem hún ruddi brautina í samningaviðræðum okkar við sænska klúbbinn. Vonandi náum við aðeins að lækka gjaldtökuna til okkar félagsmanna, plús að sænski klúbburinn lofar álestri á innan við vikutíma, sem er talsverð breyting frá 2 til 3 mánaða bið hjá þeim norska.*

*Stefnt er á að skrifstofan verði lokuð í 3 vikur frá og með 24.júní vegna sumarleyfa, ég mun þó koma nokkra daga í vinnu til að ljúka launagreiðslum, greiðslu reikninga og bréfaskriftum sem mega ekki bíða.*

#### 5. Erindi frá Retrieverdeild – nýr dómaranemi

Erindi samþykkt.

#### 6. Önnur mál

- **Dagsetningar stjórnarfunda starfsárið 2013-2014 með fyrirvara um breytingar:**

- 17. júlí 2013
- 14. ágúst 2013
- 18. september 2013
- 16. október 2013
- 13. nóvember 2013
- 11. desember 2013
- 15. janúar 2014
- 12. febrúar 2014
- 19. mars 2014
- 9. apríl 2014
- 7.máí 2014

- Forsendur orlofsuppgjör fyrrum framkvæmdastjóra skoðað. Stjórn gerir ekki athugasemdir

- Framkvæmdastjóri í umboði sýningastjórnar óskar eftir leyfi frá stjórn til að ráðast í að kaupa og/eða fá tilboð ný sýningateppi þar sem þau gömlu eru orðin mjög léleg í raun ónýt og varla boðlegt að bjóða uppá enn eina sýninguna á þessum teppum.

Samþykkt.

Fundi slitið kl.20.00

*Sign: Jóna Th. Viðarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson, Delia Howser, Herdís Hallmarsdóttir,  
Ólafur E. Jóhannson*